

3. gr.

131

Húsnæðismálastjórn skal koma saman til fundar einu sinni í mánuði eða oftar, ef þörf gerist, og hvenær sem einn eða fleiri hinna þriggja manna, sem um ræðir í 2. gr., óska þess. 21. sept.

4. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi fallin 1. gr. reglugerðar nr. 101 18. ágúst 1955, um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánunum.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 70 21. sept. 1956, um breytingu á lögum nr. 55/1955, um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í félagsmálaráðuneytinu, 21. september 1956.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

132

27. sept.

um skoðun á lungum úr fullorðnu fé á fjárskiptasvæðum.

Samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23 frá 10. marz 1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, hefur landbúnaðarráðuneytið ákveðið, eftir tillögum sauðfjársjúkdómanefndar, að hver sá sem hefur á hendi slátrun sauðfjár á fjárskiptasvæðum, skuli afhenda til lungnaskoðunarmanns lungu úr öllu fullorðnu fé, sem slátrað er, eða senda þau vandlega umbúin til Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði að Keldum. Lungun skal merkja greinilega með nafni og heimilisfangi sendanda.

Fyrirmæli þessi gilda einnig um fullorðið fé, sem slátrað er heima.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. september 1956.

Hermann Jónasson.

Gunnlaugur E. Briem.

STYRKARSJÓÐUR TIL SVÍPJÓÐARFERÐA

133

Ársreikningur 1955.

Höfuðstóll:

Eign frá fyrra ári samkv. birtum reikningi	kr. 10516.19
Aukning samkvæmt eftirfarandi reikningi	— 359 75

Kr. 10675.94

Eignir sjóðsins eru:

Veðdeildarbréf	kr. 7000.00
Sparisjóðsinnstæða	— 3675.94

Kr. 10675.94